

Aðalfundur Rafbílasambands Íslands, 23. júní 2020, kl 17:30. Haldinn í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123.

Fundarstjóri - Hulda Mjöll Þorleifsdóttir, fundur settur kl 17:35.

Fundarmenn átta talsins.

#### **Dagskrá:**

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar bornir upp til samþykktar
- Kosning formanns
- Kosning stjórnar og varamanna
- Lagabreytingar
- Önnur mál

Fundarstjóri setti fundinn og gaf Jóhanni G. Ólafssyni formanni orðið. Hann fór yfir skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar einróma samþykktir.

#### **Kosning formanns:**

Tómas Kristjánsson bauð sig fram til formanns ásamt Jóhanni. Leynileg kosning, hvorki Jóhann né Tómas kusu því þau athvæði hefðu núllast út. Hvor um sig hlaut þrjú athvæði og kosning því jöfn. Rætt var um að halda auka aðalfund síðar með kosningu formanns og stjórnar.

#### **Lagabreytingar:**

##### *Lagabreytingatillaga 1:*

Tillaga frá stjórn um viðbót við 11. grein um að framboðsaðilar til formanns og stjórnar þurfi að vera búnir að vera virkir félagsmenn í 6 mánuði.

Lögð fram breytingartillaga um að stjórnarmenn þurfi eingöngu að vera félagsmenn eins og áður, en eingöngu félagsmenn með 6 mánaða samfellda aðild séu gildir sem formenn.

11 gr.

Við bætist ný málsgrein á eftir fyrstu málsgrein:

Formannsframbjóðendur skulu hafa að minnsta kosti 6 mánaða samfellda félagsaðild að baki.

*Samþykkt einróma*

##### *Lagabreytingatillaga 2:*

Framboðum til stjórnarsetu skal skilað með 7 daga fyrirvara.

Lögð fram breytingatillaga um að það gildi eingöngu um formanskjör.

11 gr.

Viðbót við 11 gr.

Framboðum til formannssetu skal skilað 7 dögum fyrir aðalfund.

*Samþykkt einróma*

##### *Lagabreytingatillaga 3:*

Núverandi fyrirkomulag innheimtu árgjalda hentar illa með fyrirhuguðum “Startpakka” því var lagt til að árgjald sé innheimt þegar félagi gengur í félagið og endurnýjað árlega.

16 gr.

Árgjöld

Við inngöngu í félagið greiðist árgjald eins og það hefur verið ákveðið af stjórn félagsins á hverjum tíma.

Upphæðir árgjalda skal tilkynnt fyrir 1. október ár hvert fyrir komandi ár.

*Samþykkt einróma*

**Önnur mál:**

**Formannskjör:**

Jóhann tók ákvörðun um að stíga til hliðar sem formaður í stað þess að boða til aukafundar, og Tómas því kjörinn formaður félagsins.

**Stjórnarkjör:**

Þar sem félagmenn eru orðnir fleiri en 100 talsins stækkar stjórnin því í fimm stjórnarmenn og þrjá varamenn.

*Ný stjórn var kosin einróma.*

Jóhann G. Ólafsson

Stefán Birnir Sverrisson

Hulda Mjöll Þorleifsdóttir

Helgi Hrafn Halldórsson

*Varamenn:*

Gunnar Már Guðnason

Haukur Viðar Jónsson

Alex Ægisson

Fundi slitið kl 18:55

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____